



Hornfirðingar kvöddu

Austurglugginn spurði Hjalta Þór Vignisson sveitarstjóra á Hornfirði hvernig tilfinning það væri að kveðja Samband sveitarfélaga á Austurlandi. „Við eigum eftir að sjá eftir samstarfinu, þar höfum við unnið með góðu fólki. Við erum að fara inn í önnur samtök á fjölmennara svæði. Það var ekkert annað að gera fyrir okkur en að byrja að starfa með öðrum sveitarfélögum í okkar kjördæmi.“



Fíkniefni fundust

Tvö minni háttar fíkniefnamál komu upp í síðustu viku. Annað á Egilsstöðum, hitt í Neskaupstað. Bæði málín voru vegna vörslu og neyslu á smáæði fíkniefna. Bæði málín teljast að fullu upplýst, en lögreglan naut aðstoðar tollgeslu og fíkniefnaleitarhunda í báðum tilfellum. Nánar á bls. 2.

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 2. október

39. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.140 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjóitfjörður
Neskaupstaður
Eskitfjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARÐABYGGÐ fjardabyggd.is

SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

**Landflutningar
SAMSKIP**



Fyrstu snjóhorn vetrarins féllu í byggð aðfaranótt þriðjudags. Morguninn eftir var drungalegt um að litast í Egilsstaðaskógi. Mynd: EBP

Ríkisvæðing Glitnis hefur jákvæð áhrif

Páll Björgvin Guðmundsson, útibússtjóri Glitnis í Fjarðabyggð og Fljótshálsbæjar, segir ríkisvæðingu Glitnis ekki hafa nein áhrif á starfsemi bankans á Austurlandi. „Þetta hefur engin áhrif á rekstur útibúanna hér fyrir austan. Hér er allt óbreytt. Ríkið kemur inn með nýtt hlutafé og rekstur bankans er tryggður.“ segir Páll. „Þjónustan við viðskiptavinum hér fyrir austan verður með óbreyttu sniði. Hagsmunir viðskiptavina eru tryggðir, það er fyrir mestu.“ segir Páll.

Bjartsýnn fyrir hönd Austfirðinga

„Ég er ennþá mjög bjartsýnn fyrir hönd Austfirðinga, það hefur ekkert breyst. Við erum í raun öfundsverð af því að búa hér. Við höfum núna þessa stóru álverksmiðju, sjávarútveginn og ferðamenskuna. Hér er nánast ekkert atvinnuleysi. Við getum í raun ekki haft það betra.“ segir Páll Björgvin. Aðspurður um stöðuna í austfirsku viðskiptalífi


segir hann hana vera góða. „Nei, við höfum ekki orðið vör við vanskil meira en gengur og gerist.“ svarar Páll. Sem viðurkennir að sér hafi komið á óvart fréttirnar af yfirtöku ríkisins á Glitni. Hann segir að á mánudagsmorgun hafi verið haft samband við hann og starfsmenn hafi fengið tíðindin áður en fréttir af ríkisvæðingunni bárust í öllum fjölmiðlum um tíuleytið um morguninn.

Sjáumst í Bónus á Egilsstöðum

Bónus býður betur!

Sama verð um allt land!

**EKKERT
BRUÐL**



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

**EKKERT
BRUÐL**

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!